SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Þórshafnarhrepps, nr. 109/1999.

1. gr.

1. mgr. 7. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi: Hreppsnefnd heldur reglulega fundi á fimmtudegi eða föstudegi í þriðju viku hvers mánaðar. Fundir skulu ekki hefjast fyrr en kl. 13.00 á fimmtudegi og ekki síðar en kl. 17.00 á föstudegi umræddra daga. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

2. gr.

Í stað orðanna „Oddviti hreppsnefndar“ í 2. mgr. 44. gr. samþykktarinnar kemur: Sveitarstjóri.

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 51. gr. samþykktarinnar:

a. 4., 15. og 17. tölul. B-hluta falla brott. Aðrir töluliðir breytast til samræmis við þessa breytingu.
b. Við B-hluta bætist nýr töluliður, er verður 18. tölul., svohljóðandi:
Stjórn Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Nausts. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. 3. mgr. 30. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.
c. C-hluti samþykktarinnar fellur brott.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Þórshafnarhrepps hefur samþykkt skv. 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 2. maí 2003.

F. h. r.
Sesselja Árnadóttir.

Guðjón Bragason.

Nr. 348 8. maí 2003

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Suðurnesjum.

1. gr.

Árgjald fyrir að halda hunda, sbr. staflið b. í 1. mgr. 2. gr. samþykktar nr. 428/1987, með síðari breytingum, skal vera kr. 10.500. Eindagi gjaldsins er 1. apríl ár hvert.

Allur kostnaður vegna föngunar hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkallskostnaður, bifreiðakostnaður og búrleiga, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds sé um leyfislausa hunda að ræða.

2. gr.

Gjaldskrá þess, sem er samin og samþykkt af sveitarstjórnum Reykjanesbæjar, Grindavíkur, Sandgerðisbæjar, Gerðahrepps og Vatnsleysustrandarhrepps, með heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 573/1999 fyrir hundahald á Suðurnesjum.

Suðurnesjum, 8. maí 2003.

F.h. sveitarfélaga á Suðurnesjum,

Magnús H. Guðjónsson,
framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.

8. maí 2003 Nr. 349

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 552/1996, um öryggisráðstafanir við jarðefnanám.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglnanna:

a. 2. mgr. orðast svo: Atvinnurekandi ber ábyrgð á að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað áður en vinna hefst. Áætlunin skal meðal annars fela í sér mat á áhættu og áætlun um heilsuvernd. Skal hún endurskoðuð þegar breytingar í vinnuumhverfi breyta forsendum hennar. Að öðru leyti skulu ákvæði 65.–66. gr. a laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, með síðari breytingum, gilda um gerð skriflegrar áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað.
b. Í stað orðanna „öryggis- og heilsuskjali“ í 3. mgr. kemur: áætlun um öryggi og heilbrigði.

2. gr.

Í stað orðanna „öryggis- og heilsuskjalinu“ í liðum 1.3, 1.8, 4.1.1, og 4.4.1 A-hluta I. viðauka, liðum 1.1 og 2.1 B-hluta I. viðauka og liðum 1.1 og 8.3 C-hluta I. viðauka við reglurnar kemur: áætlun um öryggi og heilbrigði.

3. gr.

Liður 15.7.1 A-hluta I. viðauka við reglurnar orðast svo:

Meðan á vinnu stendur skal hitastig í vinnurými vera hæfilegt fólki að teknu tilliti til þeirra vinnuaðferða sem beitt er og líkamlegs álags starfsmanna.

4. gr.

Í stað orðanna „Öryggis- og heilsuskjalið skal uppfært“ í lið 1.2 B-hluta I. viðauka og lið 1.2 C-hluta I. viðauka við reglurnar kemur: Áætlun um öryggi og heilbrigði skal uppfærð.

5. gr.

Í stað orðanna „öryggis- og heilsuskjalið“ í lið 1.2 og 9.1 C-hluta I. viðauka við reglurnar kemur: áætlun um öryggi og heilbrigði.